(A. XVIII, 2).

Nd. **79. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vjer höfum ekki getað fallist á, að rjett sje, að frv. þetta verði að lögum. Legkaup var afnumið hjer á landi með lögum um sóknargjöld, 30. júlí 1909, en með lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, er legkaup lögleitt að nýju fyrir þá eina, sem grafnir eru í kirkjugörðum Reykjavíkur, og er í þeim lögum jafnframt heimilað að taka eignarnámi land undir »nýjan kirkjugarð« í Reykjavík, og að verja alt að 10 þús. kr. úr landssjóði í því skyni. Gamli kirkjugarðurinn var um þessar mundir nærri útgrafinn, og var óumflýjanlegt að fá nýjan eða stækkaðan grafreit. Því máli lyktaði með því, að stjórnin árið 1917, eftir undangengnar samningaumleitanir og annan undirbúning á árinu 1916, keypti land úr »Nýjatúni«, áfast við gamla kirkjugarðinn, gegn aðvörun og mótmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem hafði sannfært sig um, að þetta svæði var óhæft fyrir kirkjugarð.

Það kom nú brátt í ljós, að til þess að svæðið yrði notað, neyddist kirkjueigandinn (landssjóður) til að láta flytja fyllingu á svæðið jafnóðum og það var tekið til notkunar, og varð af þessu mikill kostnaður fyrir ríkissjóð. Út af þessu bar fjárveitinganefnd Ed. 1923 fram frv. um að hækka legkaupið, svo að þar sem nú eru goldnar 2, 4 og 8 kr., þá verði eftirleiðis borgaðar 5, 10 og 20 kr., og liggur þetta frv. nú fyrir sem stjórnarfrumvarp.

Meiri hluti nefndarinnar litur svo á, að mistökin á vali landsins til stækkunar kirkjugarðsins og ekkert annað sje ástæðan fyrir framkomu þessa frv. En nú er þetta svæði eftir örfá ár fullnotað, og því ástæða til að gera nú þegar gangskör að því að fá nýjan grafreit. Mætti þá vænta þess, að betur tækist til,

og að kostnaður kirkjueiganda yrði hóflegur, en þá sýnist vera ósanngjarnt að lögleiða nú svo gífurlega hækkun á þessu sjerstaka legkaupi Reykjavíkur. Það er því aðaltillaga vor, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Það verður yfir höfuð að tala að teljast óeðlilegt, að legkaupsskylda sje ekki hin sama um alt land. Fyrir því munum vjer, ef tillaga vor um afgreiðslu málsins ekki nær fram að ganga, bera fram við 3. umræðu eða á annan hátt tillögur um að taka upp aftur legkaup fyrir land alt.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að leggja til, að málið verði afgreitt með svo feldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti til þess, að stjórnin geri tafarlaust ráðstafanir til að útvega hentugra land undir kirkjugarð í Reykjavík en það, sem nú er notað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. mars 1924.

Jón Þorláksson,
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Magnús Jónsson,
með fyrirvara.